

Athugun á fornleifum í Hrísey
vegna deiliskipulags hafnarsvæðis.

Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur MA.

Nóvember 2016

Akureyri 21. nóvember 2016.

Fornleifaskráning í Hrísey.

Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur hefur að beiðni skipulagsstjóra Akureyrar yfirfarið skráningu fornleifa vegna deiliskipulags hafnarsvæðisins í Hrísey.

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð deiliskipulagsins og f.h. Landslags koma að verkinu Ómar Ívarsson skipulagsfræðingur SFFÍ og Ingvar Ívarsson landslagsarkitekt FÍLA.

Helga Íris Ingólfssdóttir verkefnastjóri brothættra byggða í Hrísey er tengiliður Akureyrarbæjar vegna verksins ásamt Bjarka Jóhannessyni skipulagsstjóra og Önnu Bragadóttur verkefnastjóra skipulagsmála.

Afmörkun skipulagssvæðisins, stærð og núverandi aðstæður

Skipulagssvæðið nær yfir hafnar-, athafna- og miðsvæði Hríseyjar ásamt fullbyggðum aðliggjandi íbúðarsvæðum neðan Norðurveggar.

Svæði deiliskipulagsins afmarkast af Norðurvegi og Austurvegi til norðausturs, af lóðarmörkum Austurveggar 6 (Sæborg) og Austurveggar 8 (Kelahús) til austurs, af strandlengjunni og höfninni til suðurs og af lóðarmörkum Norðurveggar 28 (Selaklöpp) til norðvesturs.

Skipulagssvæðið er um 7,0 ha að flatarmáli.



Afmörkun skipulagssvæðisins.

Fornleifaskráning var gerð fyrir Hrísey 1999. Skráningin var unnin af Fornleifastofnun Íslands.: *Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. Fornleifari Eyjafirði. Orri Vésteinsson. Fornleifastofnun Íslands FS071-9061 Reykjavík 1999.*

Við athugun á hinu nýja deiliskipulagssvæði og fyrrnefndri fornleifaskráningu sést að þar hafa þar ekki verið skráðar neinar fornleifar.

Niðurstöður: Fornleifaskráningin, sem gerð var 1999, er vel unninn hvað varðar heimildir og skráningu á vettvangi. Þar sem ekki voru skráðar neinar fornleifar á deiliskipulagssvæðinu og ekki hafa komið nýrri upplýsingar um að svo sé, er ekki bein hættu við hugsanlegt jarðrask á svæðinu.

Hafa ber þó í huga ákvæði laga um Menningarmimjar um áður óþekktar fornleifar með tilvísun í VI. KAFLA, Verndun og varðveisla fornminja. 24 grein segir svo:

“Áður ókunnar fornminjar.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.”¹

¹ Heimasíða Alþingis .Menningarminjar *Dingskjal 1610, 140. löggjafarþing* [316. mál](#): menningarminjar (heildarlög).